

Eiríkur Rögnvaldsson

## Verkefnisstjórn í íslensku

Erindi formanns á málþingi um verkefni Lýðveldissjóðs  
í Þjóðarbókhöfðu, 13. maí 2000

Góðir áheyrendur.

Ég tala hér fyrir hönd verkefnisstjórnar í íslensku. Í fyrri hluta erindis míns ætla ég að segja lauslega frá verkefnisstjórninni, verksviði hennar og starfi. Í seinni hluta erindisins kynni ég síðan meginhugmyndirnar á bak við aðra helstu afurð verkefnisstjórnarinnar, handbækur um íslenskt mál. Guðrún Kvaran, ritstjóri einnar af handbókunum, mun þar á eftir segja frá reynslu sinni af vinnunni við sína bók. Nú síðdegis, í lok dagskrár, munu Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson síðan kynna hina meginafurð verkefnisstjórnarinnar; *Alfræði íslenskrar tungu*, sem er margmiðlunarefni um íslenskt mál, gefið út á geisladiski í samvinnu við Námsgagnastofnun.

En víkjum fyrst aðeins að upphafi þessa verks. Það liggur vitaskuld í ályktun Alþingis á hátíðarfundum á Þingvöllum 17. júní 1994. Þessi ályktun er væntanlega flestum sem hér sitja vel kunn, en hún hljóðar svo:

Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis Lýðveldis á Íslandi, að stofna sjóð, Lýðveldissjóð, og verja til hans 100 milljónum króna árlega næstu fimm ár. Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ár hvert á starfstíma hans, 1995-1999, varið með þessum hætti:

1. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til átaks í vistfræðirannsóknnum á lífríki sjávar.
2. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til eflingar íslenskri tungu.

Þessi samkoma er til þess haldin að gera grein fyrir nokkrum verkum sem annar liður þessarar þingsályktunar hefur getið af sér.

Haustið 1994 samþykkti Alþingi síðan sérstök lög um Lýðveldissjóð, og í framhaldi af því var skipuð þriggja manna sjóðsstjórn. Í henni sátu Rannveig Rist, formaður; Jón G. Friðjónsson, prófessor; og Unnsteinn Stefánsson, prófessor. Hér verður einnig að geta ritara nefndarinnar, Helga Bernóðussonar, aðstoðarskrifstofustjóra Alþingis, en verkefnisstjórnin átti mikil og ánægjuleg skipti við hann.

Í upphaflegri ályktun Alþingis voru tilgreind þrjú verkefni sem æskilegt væri að koma af stað eða styrkja. Eftir að sjóðsstjórn hafði verið skipuð var síðan samin sérstök reglugerð um sjóðinn þar sem kveðið var nánar á um skiptingu þess fjár sem ætlað var til eflingar íslenskri tungu. Þar er gert ráð fyrir eftirfarandi þrískiptingu:

- um þriðjungi fjárins skyldi varið til að efla Málræktarsjóð
- um þriðjungi skyldi varið til að endurnýja og bæta kennsluefni í íslensku máli, einkum á framhaldsskólastigi
- um þriðjungi skyldi stjórn sjóðsins verja til verkefna sem að mati hennar væru til þess fallin að efla íslenska tungu

Það er annar liðurinn hér sem veit að verkefnisstjórn í íslensku og ég fjalla því nánar um.

Í reglugerð Lýðveldissjóðs var gert ráð fyrir skipun sérstakrar verkefnisstjórnar til að hafa umsjón með meginhluta þess fjár sem fellur undir annan lið í framangreindri upptalningu. Tilkynnt var um skipun verkefnisstjórnar á hátíðarfundum í Alþingishúsinu 17. júní 1995, og tók hún þá þegar til starfa. Verkefnisstjórnina skipa:

- Ásta Svavarsdóttir, fræðimaður á Orðabók Háskólans
- Þórunn Blöndal, lektor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands
- Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku við Háskóla Íslands; formaður

Öll höfum við langa reynslu af kennslu og samningu kennslubóka.

Verkefnisstjórnin byrjaði þó ekki alveg á byrjuninni. Veturinn áður hafði stjórn Lýðveldissjóðs falið sérstökum undirbúningshópi að koma með hugmyndir að verkefnum á þessu sviði. Þennan undirbúningshóp skipuðum við Þórunn Blöndal og Steingrímur Þórðarson, kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hópurinn setti fram ákveðnar hugmyndir sem stjórn Lýðveldissjóðs féllst á, og verkefnisstjórninni var því falið að vinna út frá þessum hugmyndum, þótt hún hefði að sjálfsögðu fulla heimild til að útfæra þær eftir sínu höfði.

Undirbúningshópurinn hafði lagt áherslu á tvennt. Annars vegar þörfina á vönduðum yfirlitsritum eða handbókum handa kennurum. Hópurinn taldi að það torveldaði áhugasömum kennurum oft störf sín hversu mikið skorti á að til væru grundvallarit sem hægt væri að fletta upp í og fá yfirlit um meginþætti íslensks máls. Tilvist slíkra rita væri einnig í raun forsenda fyrir hinum verkunum sem hópurinn vildi láta semja, þ.e. stuttum kennslubókum eða kennsluheftum um ýmsa þætti málsins.

Í greinargerð þingsályktunarinnar sem samþykkt var á Þingvöllum segir að eitt af því sem hafa skuli í huga við ráðstöfun fjárins sé “útgáfa nýrra rita um íslenska tungu og málmenningu fyrir skólaæsku landsins”. Þetta er síðan rökstutt nánar í greinargerðinni:

Oft hefur verið á það bent að skólarnir hafi þurft að taka við auknu hlutverki á sviði máluppeldis vegna breyttra þjóðfélagshátta. Ein af mikilvægustu forsendum þess að þetta hlutverk verði rækt með viðhlítandi árangri er að völ sé á fjölbreytilegu og vönduðu námsefni. *Þá er bæði átt við eiginleg kennslugögn og hvers konar rit sem fallin eru til að glæða áhuga nemenda á móðurmálinu og stuðla að því að efla hæfni þeirra í meðferð þess.*

Ég hef skáletrað seinni hlutann til að vekja athygli á að í ályktuninni var ekki eingöngu talað um hreinar kennslubækur. Undirbúningshópurinn lagði áherslu á að vönduð yfirlitsrit sem einkum

væru ætluð kennurum skiluðu sér vitaskuld inn í kennsluna. Hópurinn vakti einnig máls á því að nota margmiðlunarform til að koma efninu á framfæri. Ég vek athygli á þessu hér vegna þess að þessar hugmyndir eru fimm ára gamlar. Það er langur tími í þróun tölvutækni og margmiðlunar, og þótt nú þyki sjálfsagt að nýta margmiðlunartækni í skólastarfi var það ekki algengt fyrir fimm árum.

Það var strax í ályktun Alþingis gert ráð fyrir víðtækri samvinnu um þau verkefni sem unnið yrði að til eflingar íslenskrar tungu. Þetta var sérstaklega áréttað í erindisbréfi sem verkefnisstjórn var sett í upphafi starfs síns. Áður höfðu hugmyndir undirbúningshópsins reyndar verið bornar undir stjórn Samtaka móðurmálskennara sem tók þeim vel.

Í upphafi starfs síns setti verkefnisstjórn á fót sérstaka baknefnd sér til ráðuneytis. Í henni sátu 12 manns, flest kennarar á ýmsum skólastigum en auk þess fólk með reynslu af útgáfu kennslubóka og íslenskunemi í Háskóla Íslands. Nefndin kom fyrst saman haustið 1995 en síðan einu sinni til tvisvar á ári, einkum meðan á skipulagningu verksins stóð. Alls kom nefndin saman fimm sinnum. Á baknefndarfundum fóru fram mjög gagnlegar umræður og verkefnisstjórnin fékk þar viðbrögð við hugmyndum sínum og áætlunum. Á seinustu fundum nefndarinnar var einnig unnt að sýna dæmi um þau verk sem unnið var að á vegum verkefnisstjórnarinnar og fá viðbrögð við þeim.

Haustið 1995 lágu fyrir áætlanir verkefnisstjórnar um þau verk sem hún hugðist láta semja. Þær tillögur byggðust á hugmyndum undirbúningshópsins sem áður var getið, en viku þó frá þeim í ýmsum atriðum. Tillögurnar fólu í sér þrens konar verk:

- Þrjár viðamiklar handbækur, einkum ætlaðar kennurum
- Yfirlitsrit um íslenskt mál, ætlað fróðleiksfúsum almenningi
- Kennslubækur eða kennsluhefti handa framhaldsskólum

Þessi áætlun, ásamt tilheyrandi kostnaðaráætlun, var síðan lögð fyrir stjórn Lýðveldissjóðs sem féllst á hana.

Eftir þessum tillögum hefur verkefnisstjórnin síðan unnið í meginatriðum, þótt þær hafi tekið ýmsum breytingum á verktímanum. Ýmislegt hefur valdið verkefnisstjórninni erfiðleikum, en hér skal aðeins dregið á tvennt.

Annað var í raun fyrirsjáanlegt frá upphafi; það var skortur á hæfu og reyndu fólki til að vinna að verkefnunum. Íslenskir málfræðingar eru ekki ýkja margir, og reyndir kennsluefnishöfundar ekki heldur. Þetta hafa líka verið þenslutímar þar sem málfræðingar hafa haft ærin verkefni önnur - sum hver fjármögnuð af Lýðveldissjóði.

Hinn meginvandi verkefnisstjórnar er líka afleiðing þessarar þenslu. Launahækkningar undanfarið ár hafa sem sé verið meiri en unnt var að sjá fyrir þegar upphafleg kostnaðaráætlun var gerð fyrir fimm árum. Fjárveiting verkefnisstjórnar var föst tala, ákveðin þegar í upphafi, og enda þótt þess væri gætt við gerð kostnaðaráætlunar að hafa borð fyrir báru hefði það borð þurft að vera breiðara.

Nú sér fyrir endann á starfi verkefnisstjórnar. Starfstíma Lýðveldissjóðs lauk reyndar um síðustu áramót, og þar með í raun umboði verkefnisstjórnarinnar. Henni var þó falið að starfa áfram um hríð og ganga frá lausum endum í verkum sínum, sem væntanlega tekst á næstu vikum.

Eins og áður hefur verið vikið að skiptast afurðir verkefnisstjórnarinnar í tvennt. Annars vegar eru þrjár viðamiklar handbækur um helstu svið málsins. Tvær þessara bóka eru nú mjög langt komnar, en sú þriðja tafðist af óviðráðanlegum orsökum. Vinna við hana er þó í fullum gangi, og við vonumst til að bækurnar geti komið út næsta vor.

Hin meginafurðin er margmiðlunardiskur um íslenska tungu. Í upphaflegum tillögum verkefnisstjórnar var gert ráð fyrir að semja yfirlitsrit um íslenskt mál ætlað fróðleiksfúsum almenningi, eins og áður var nefnt. Fljótlega eftir að farið var að huga að þessu verki kom þó fram sú hugmynd, sem raunar hafði kviknað í undirbúningshópnum eins og áður sagði, að birta þetta efni á margmiðlunarformi. Nauðsynlegt þótti að fá samstarfsaðila við það verk, og þótti sjálfsagt að leita til Námsgagnastofnunar, sem þá hafði nýlega gefið út *Íslandshandbókina* á geisladiski. Samningar um verkið milli verkefnisstjórnar og Námsgagnastofnunar voru gerðir vorið 1996. Þetta verk hefur orðið mun umfangsmeira og dýrara en gert var ráð fyrir í upphafi, en að sama skapi áhugaverðara og notadrygra að því er við teljum. Verkið er nú á lokastigi, og verður kynnt hér í lok dagskrár.

Nú geta menn spurt hvað hafi orðið af kennslubókunum sem til stóð að semja. Ýmislegt varð þess valdandi að af þeim áformumhefur ekki orðið. Í upphafi var beðið með að yta þessum verkþætti úr vör vegna þess að brýnna þótti að hefja vinnu við handbækurnar og geisladiskinn. Þar að auki var hugmyndin að kennslubækurnar byggðust að einhverju leyti á handbókunum, eða a.m.k. yrði samræmi þar á milli. Þegar verkefnisstjórnin hugðist snúa sér að fullum krafti að kennslubókunum kom það upp að til stæði að semja nýja námskrá fyrir grunnskóla og framhaldsskóla. Verkefnisstjórninni þótti óráðlegt að hefja vinnu við samningu kennslubóka fyrr en námskráin lægi fyrir, svo að ekki yrði verulegt ósamræmi milli námskrárinnar og kennslubókanna.

Þegar skýrsla forvinnuhóps um námskrá í íslensku lá fyrir setti verkefnisstjórn á fót sérstakan starfshóp framhaldsskólakennara til að gera tillögur um gerð heildstæðs kennsluefnis handa framhaldsskólum. Sá hópur skilaði í raun auðu snemma árs 1998, og taldi að enn væri svo margt óljóst um námskrána að ekki væri tímabært að móta ákveðnar tillögur. Eftir þetta lagði verkefnisstjórnin þó drög að ákveðnu kennsluefni og var búin að fá höfunda til að semja það, en þeir hættu síðan við þegar á hólminn kom.

Þá var orðið svo liðið á starfstíma verkefnisstjórnar að ekki reyndist unnt að koma öðrum verkum af stað. Þar að auki var fé verkefnisstjórnar á þrotum vegna þess að margmiðlunardiskurinn varð mun dýrari en upphaflega var ráðgert. Þótt verkefnisstjórninni þyki vissulega miður að áform hennar um gerð kennsluefnis urðu ekki að veruleika telur hún ekki að starf hennar hafi beðið skipbrot þrátt fyrir það. Fyrir því eru a.m.k. fjórar ástæður:

- Ný námskrá var samin á verktímanum
  - beðið var eftir að því verki lyki
- Líftími kennslubóka stuttur
  - betra að leggja áherslu á stærri verk sem endast
- Kennslubækur eru góð markaðsvara
  - verða því til án opinberra afskipta
- Margmiðlunardiskurinn þróaðist í vinnslu
  - varð meira kennslufni en upphaflega stóð til

En víkjum nú að handbókunum eða yfirlitsritunum sem samdar hafa verið. Þær eru þrjár, eins og áður hefur komið fram:

- Íslensk hljóðfræði og hljóðkerfisfræði; ritstjóri Kristján Árnason, prófessor
- Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði; ritstjóri Guðrún Kvaran, prófessor
- Íslensk setningafræði; ritstjóri Höskuldur Þráinsson, prófessor

Í upphafi starfstíma síns samdi verkefnisstjórnin ítarlega ritstjórnarstefnu sem ritstjórum og höfundum handbókanna var ætlað að hafa að leiðarljósi. Í henni er fjallað um markmið bókanna og markhóp, og einnig um framsetningu, efnisskipan og efnistöð. Þar segir í upphafi:

Markmiðið með samningu handbókanna er að bæta úr brýnni þörf á ítarlegu yfirliti um íslenskt mál og málfræði. Verkunum er ætlað að draga upp heildstæða mynd af fræðigreinininni í fortíð og nútíð auk þess sem kynntir verða nýir straumar innan fræðigreinarinnar og helstu viðfangsefnum málfræðinga undanfarin ár gerð nokkur skil.

Í ritstjórnarstefnunni er gert ráð fyrir að efnisþættir bókarinnar séu þrír:

- Samfelld meginmál
  - yfirlit um sviðið; meginviðfangsefni, tengsl við önnur svið málsins, helstu rannsóknir, yfirlit um viðkomandi hluta íslensks málkerfis, o.s.frv.
- Hliðarefni
  - stuttir textar, dæmi, skýringarmyndir, töflur o.fl. til hliðar við meginmálið; til stuðnings og frekari skýringar eða til skemmtunar
- Skrár og yfirlitstöflur

Þetta er hinn almenni rammi sem ritstjórunum var settur. Það var samt sem áður ekki ætlunin að bækurnar þrjár væru nákvæmlega hliðstæðar eða steypar í sama mót. Bæði er efnið ólíkt og krefst mismunandi efnistaka, og eins eru ritstjórar og höfundar ólíkir. Þeir hafa því útfært þessa almennu lýsingu á mismunandi hátt, eins og eðlilegt er.

Handbækurnar eiga vonandi eftir að gagnast sem flestum. Þó var einkum við það miðað að þær nýttust kennurum í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum, eins og lögð var áhersla á í hugmyndum undirbúningshóps. Einnig er vonast til að þær geti nýst nemendum í framhaldsskólum, þá einkum á síðari árum, t.d. í séráföngum á málabrautum. Bækurnar yrðu þó ekki kennslufni í slíkum áföngum, heldur ítarefni. Þær ættu líka að koma að sérlega góðu gagni fyrir háskólanema á ýmsum sviðum; kennaranema, nemendur í íslensku, málvísindum og

erlendum tungumálum. Þá ættu þær að nýtast kennslubókahöfundum og öðrum sem hafa áhuga á íslensku máli.

Í ritstjórnarstefnu skilgreindi verkefnisstjórnin þrjú meginmarkmið handbókanna:

- að kynna viðkomandi svið málsins, gera grein fyrir afmörkun þess gagnvart öðrum sviðum og helstu viðfangsefnum
- að kynna og skýra með dæmum helstu hugtök og fræðiorð sem notuð eru og nota þarf á sviðinu
- að gera grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa á viðkomandi sviði undanfarnar aldir

Framsetning rita af þessu tagi skiptir vitaskuld miklu máli. Í ritstjórnarstefnu lagði verkefnisstjórnin áherslu á eftirfarandi atriði:

- Málfar og málsnið: vandað, en tiltölulega óformlegt
- Stíll: eins einfaldur og skýr og kostur er
- Hugtakanotkun: geri ekki kröfu um sérþekkingu í málfræði
- Fræðiorð: ekki notuð meira en þörf krefur

Það er auðvitað hægara sagt en gert að fullnægja þessum kröfum, og reynslan verður að skera úr um hvernig það hefur tekist. Meginhugmyndin var sú að framsetning og hugtakanotkun miðist við lesendur sem hafa góða almenna undirstöðumenntun, en ekki sérþekkingu í málfræði, og eru tilbúnir til að leggja nokkuð á sig til skilnings, eins og segir í ritstjórnarstefnu.

Það þarf einnig að hafa í huga við samningu bókana að þær eiga að geta nýst á tvo vegu, og stundum getur verið snúið að samræma það. Annars vegar eiga þetta að vera yfirlitsrit sem hægt er að lesa í samfellu. Því þarf meginmálið að vera nokkuð samfelldur texti, og þar sem skilgreiningar hugtaka og fræðiorða koma sem eðlilegur hluti textans. Hins vegar þarf að vera hægt að nota bækurnar sem handbækur og fletta upp einstökum atriðum, hugtökum og skilgreiningum. Því þarf að brjóta textann vel upp í undirkafla, hafa vísanir úti á spássíum, skilgreiningar í römmum o.s.frv. Að sjálfsögðu er svo lykilatriði að bókunum fylgi góðar skrár af ýmsu tagi.

Á þessu málþingi gefst ekki tóm til að kynna bækurnar hverja fyrir sig að nokkru gagni. Þess í stað höfum við beðið Guðrúnu Kvaran sem er ritstjóri einnar handbókarinnar að segja hér stuttlega frá reynslu sinni af samningu bókarinnar, og hvernig hefur gengið að uppfylla þær - kannski óraunhæfu - kröfur sem settar voru fram í ritstjórnarstefnunni.

Í lok málþingsins munu Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson síðan kynna margmiðlunardiskinn *Alfræði íslenskrar tungu*, en þau hafa verið ritstjórar hans.

Þakka ykkur fyrir.